**Egilsstaðaskóli**

**Námsáætlun**

**1. bekkur**

**Námsgrein** Samfélagsfræði

*Kennsluaðferðir og skipulag:*

Nemendur vinna út frá hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla. Kennt verður samkvæmt aðferðum í Byrjendalæsi. Í byrjendalæsi er íslenska, náttúrufræði og samfélagsfræði samþætt.Í Byrjendalæsi er fjölbreyttur gæðatexti lagður til grundvallar í lestrarkennslunni. Öll tæknileg vinna sprettur út frá þeim efniviði sem felst í merkingabærum texta (barnabækur, skáldsögur, ljóð og fræðitextar). Unnið er í hópum eða einstaklingslega eftir því sem best hentar.

| Námsflokkur | Hæfniviðmið | Viðfangsefni | Námsefni | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| **Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann** | Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.<br><br>Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.<br><br>Velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | trú, lífsviðhorfi og breytni.<br><br>Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni.<br><br>Komið auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið.<br><br>Áttað sig á gildi samhjálpar í samfélaginu | Nemendur taka þátt í umræðum í tengslum við ýmsar hátíðir, svo sem jól, páska og hvítasunnu. | | |
| **Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum** | Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.<br><br>Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.<br><br>Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.<br><br>Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.<br><br>Sett sig í spor annarra jafnaldra. | Umræða<br><br>Umræður og verkefnavinna tengd líkamanum.<br><br>Umræður tengd bókum sem lesnar eru í Byrjendalæsi. | Byrjendalæsisáætlun- *Stór skrímsli gráta ekki.*<br><br>Líkaminn | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra** | Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi<br><br>Rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni<br><br>Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra.<br><br>Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum<br><br>Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.<br><br>Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.<br><br>Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.<br><br>Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi. | Umræður í daglegu lífi t.d. um skólareglur, samskipti í bekk. | | |